
Lýsing á skipulagsverkefni

4. apríl 2016



Tálknafjarðarhreppur



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Efni og umfang skipulagsbreytingar.....	3
3. Fyrirliggjandi stefna og tengsl við aðrar áætlanir	4
4. Staðhættir og umhverfisaðstæður.....	5
5. Umfjöllun um kosti	5
6. Áhrifa- og umhverfisþættir og viðmið	5
7. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði.....	7
8. Kynning og samráð.....	7
9. Ferlið	7
10. Heimildarskrá	9

1. Inngangur

Tálknafjarðarhreppur vinnur nú að breytingu á aðalskipulagi. Um er að ræða breytingu á landnotkun á jaðarsvæðum í þéttbýli Tálknafjarðar. Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði eru skilgreindar sem opið svæði til sérstakra nota í staðinn fyrir óbyggð svæði. Mörk þéttbýlis eru einnig stækkuð til austurs.

Fyrirhuguð er einnig stækkun hafnarsvæðis á Tálknafirði en aukin umsvif vegna fiskeldis og aukin eftirspurn eftir lóðum á hafnarsvæði kalla á stækkun hafnarsvæðisins og aukna landfyllingu.

Helstu forsendur fyrir breytingunni er að víkka út möguleika til mannvirkjagerðar í útjaðri þéttbýlis í Tálknafirði hvort sem er til útivistar eða ofanflóðavarna sem og aukið athafnarými á hafnarsvæði Tálknafjarðar.

2. Efni og umfang skipulagsbreytingar.

Breytingar á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps vegna framangreindra áforma felast fyrst og fremst í því, að breyta þarf þéttbýlisuppdrætti.

Gerð verður breyting á kafla 3.9 í greinargerð þar sem hlíðarnar ofan byggðar, lækjarfarvegir, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði verða skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Svæðin verða án auðkennis en á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Einnig er gert ráð fyrir varnavirkjum vegna ofanflóða.

Gerð verður einnig breyting á kafla 3.7 um hafnarsvæði.

Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri. Undanskilið er viðhald og endurbygging framangreindra mannvirkja fellur í flokk C og varnargarðar til varnar ofanflóðum í þéttbýli falla undir flokk B. Þar með fellur skipulagsbreyting undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.



Mynd 2-1. Þéttbýlisuppdráttur fyrir og eftir breytingu.

3. Fyrirliggjandi stefna og tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Tálknafjarðar var staðfest 15. desember 2006.

Eftirfarandi markmið eru sett fram í Aðalskipulagi Tálknafjarðar um opin svæði til sérstakra nota;

Opin svæði til sérstakra nota

Markmið.

- Bæjarbúum verði tryggð fjölbreytt aðstaða til leikja og tómstundastarfs.
- Aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjól-myndunar og fegrunar.

Leiðir:

- Haldið verði áfram uppbyggingu íþróttasvæðis á Tálknafirði sem og annarra opinna svæða.

Tafla um opin svæði til sérstakra nota:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Ú1	Skógræktarsvæði	Skógræktarsvæði sem er nýtt sem útivistarsvæði í miklum mæli. Stærð svæðis 4,8 ha.
Ú2	Fjölnota grasflöt	Fjölnota grasflöt vestan tjaldsvæðis og félagsheimilis. Stærð svæðis 2,2 ha.
Ú3	Íþróttasvæði	Knattspyrnuvöllur og önnur aðstaða til íþróttaiðkunar. Stærð svæðis 2,3 ha.
Ú4	Útivistarsvæði	Almennt útivistarsvæði. Stærð svæðis 2,8 ha.
Ú5	Leikvöllur	Leikvöllur við fyrirhugað hótél og þjónustuhús vestan kirkjunnar. Stærð svæðis 0,08 ha.
Ú6	Kirkjugarður	Kirkjugarður norðan kirkjunnar. Stærð svæðis 0,4 ha.
Ú7	Sparkvöllur	Gervigrasvöllur. Stærð svæðis 1,6 ha.
Ú8	Skíðabrekka	Skíðasvæði Tálknfirðinga með einni lyftu. Stærð svæðis 36 ha.
Ú9	Almennings-garður	Almenningsgarður innan þéttbýlis. Stærð svæðis 0,6 ha.
Ú10	Leikvöllur	Almennur leikvöllur innan þéttbýlis. Stærð svæðis 0,1 ha.
Ú11	Útivistarsvæði	Fjölnota grasflöt sem nýtast mun til boltaleikja og annarrar útivistar þar sem grasflatir þurfa að vera stórar í tengslum við frístundabyggð í landi Sveinseyrar. Stærð svæðis 3 ha.

Eftirfarandi markmið eru sett fram um hafnarsvæði

Markmið:

- Stuðlað verði að betri nýtingu núverandi hafnaraðstöðu og aðstöðu til úrvinnslu sjávarfangs.

Leiðir:

- Tryggt verði nægjanlegt framboð rúmra lóða fyrir hafnsækna starfsemi.

- *Fullvinnsla sjávarafurða verði stórlega eflid.*
- *Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.*
- *Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja*

Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Tálknafjarðarhöfn	Bátahöfn. Bryggjukantar 323 m, lengd bryggju 100 m. Mesta dýpi við Nýjubryggju 6,5 m á 100 m kafla. ¹ Heildarstærð svæðis í 4,5 ha.

4. Staðhættir og umhverfisaðstæður

Tálknafjörður snýr í NV-SA, eins og sést á yfirlitsteikn. U60.02.001. Ofan megin byggðar rís Tungufell upp í um 180 m hæð y.s., sjá Mynd 1. Milli Tungufells og Bæjarfjalls rennur Hólsá í Hólsdal/Hrafnadal. Innan Tungufells er Tunguá og innan hennar er Hellumúli. Ofan innsta hluta byggðarkjarnans rísa Geitárhorn upp í um 300 m hæð y.s. Ofan Geitárhorna tekur við nokkuð víðáttumikill hvilft sem hallar um 5 – 15° að Geitárdal. Neðan Geitárhorna er önnur hvilft í rúmlega 200 m hæð y.s. sem nefnist Geitárdalur. Dalurinn snýr á móti suðvestri. Úr Geitárdal rennur Geitá en ofan dalsins rennur áin neðanjarðar í urðinni. Neðan Geitárdals tekur við um 5 m þykk aurkeila sem nær til sjávar (Þórður Arason, Hörður Þór Sigurðsson og Trausti Jónsson, 2007). Aurkeilan er klædd mýrlendum gróðri en víða stinga um 1 m stórir steinar upp kollinum.

Byggðin á Tálknafirði stendur innan við Sveinseyri við norðanverðan Tálknafjörð og byggðist upp að mestu upp úr miðri tuttugustu öld. Flestir urðu íbúar 353 árið 2001 en hefur fækkað ár frá ári eftir það. Mestu uppgangsár í byggðinni voru 1960-1980. Flestir voru íbúar 353 árið 2001 en hefur fækkað ár frá ári eftir það. Í ársbyrjun 2016 voru íbúar í þéttbýlinu 251 (Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is, í janúar 2016). Megin uppistaða í atvinnulífi á Tálknafirði er fiskvinnsla og kemur mikill fjöldi smábáta til Tálknafjarðar á sumrin.

Hús undir Geitárhornum voru byggð á árunum 1959-1967, á fyrri hluta uppgangstíma byggðarinnar. Næst Tungufelli er byggðin yngri eða frá 1978-1982. Elsta hús byggðarinnar, Innsta-Tunga, var byggt árið 1950. Nokkur hús standa neðarlega við Hólsá en þau voru byggð á árunum 1970-1981 og hýsa atvinnustarfsemi. Kirkja Tálknafjarðar var reist 2002 og stendur uppi á hæð vestan árinna.

5. Umfjöllun um kosti

Í umhverfisskýrslu mun umfjöllun um valkosti beinast að tveimur mismunandi leiðum. Annars vegar að byggja varnarvirki og hins vegar núllkostur sem er að hafast ekkert að.

6. Áhrifa- og umhverfispættir og viðmið

Helstu þættir breytingartillögunnar, sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru efnisnám og mannvirkjagerð. Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfispættir valdir og eru áhrifin mismikil á umhverfispætti. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

¹ Heimasiða Siglingastofnunar, <http://www.sigling.is>, 08.11.2005

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfispætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagið hefur í för með sér.

Umhverfispáttur	Þörf á meta	Ekki þörf á að meta	Skýring	Viðmið
Gróður og dýralíf	X			Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur og um fugla og spendýr. Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
Landslag og sjónræn áhrif	X			Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjasrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.
Heilsa og öryggi	X			Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2010-2013
Útivist	X			Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2010-2013
Fornleifar	X		Ekki vitað um fornleifar á svæðinu.	Lög um menningarminjar 80/2012
Jarðfræði/Jarðmyndanir		X	Engar náttúruminjar sem njóta verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga.	

Tafla 6-1. Umhverfisviðmið og umhverfispættir sem metnir verða í umhverfisskýrslu.

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

Tafla 6-2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

7. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna. Stuðst verður við fyrirliggjandi upplýsingar um framkvæmdina þ.e. málsmeðferðargögn vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

8. Kynning og samráð

Samráð verður haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins varðandi umfang og áherslur umhverfisskýrslu, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við Helbrigðiseftirlit Vestfjarða en afla þarf leyfis til tímabundins atvinnurekstrar, t.d. fyrir vinnubúðum og verkstæðisaðstöðu, sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samráð verður haft við Umhverfisstofnun sem lögbundin umsagnaraðili vegna matslýsingar og umhverfisskýrslu.

Samráð verður haft við Veðurstofu Íslands en Veðurstofan mun fá breytingartillögu til umsagnar.

Samráð verður haft við Minjastofnun Íslands.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áðurtalda aðila þá verður greint frá því í umhverfisskýrslu.

Tillaga ásamt umhverfisskýrslu verður auglýst og gefst þá íbúum tækifæri að koma með skriflegar athugasemdir sem sveitarfélagið ber að svara.

9. Ferlið

Helstu verkferlar sem varða breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018 eru eftirfarandi:

- A. Gerð skipulags- og matslýsingar. Apríl 2016
- B. Samráð um skipulags- og matslýsingu, send til Skipulagsstofnunar auk annarra.

Apríl-maí 2016.

- C. Auglýsing skipulags- og matslýsingar. Maí 2016.
- D. Fyrstu drög að breytingartillögu og umhverfisskýrslu. Maí-júní 2016.
- E. Gerð uppdráttar, greinargerðar og umhverfisskýrslu Júní-júlí 2016.
- F. Samráð um breytingartillögu og umhverfisskýrslu. Ágúst-september 2016
- G. Kynning og auglýsing tillögu. September-október 2016.
- H. Samþykkt sveitarstjórnar. Október 2016.
- I. Afgreiðsla og staðfesting Skipulagsstofnunar Október-nóvember 2016.

10. Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.
2. Halldór G. Pétursson, Höskuldur Búi Jónsson og Þorsteinn Sæmundsson, 2004. *Skriðuhætta og ummerki ofanflóða á Tálknafirði*. Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrsla nr. NÍ-04010. September 2004, Akureyri.
3. Hættumatsnefnd Tálknafjarðarhrepps, 2008. *Mat á hættu vegna ofanflóða á Tálknafirði, Greinargerð með hættumatskort*. Apríl 2008.
4. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
5. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
6. Lög nr. 107/2001, Þjóðminjalög.
7. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
8. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
9. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
10. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
11. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
12. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
13. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
14. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
15. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
16. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.
17. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
18. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana
19. Snorri Páll Kjarran og Gunnar Guðni Tómasson, 1995. *Reiknilíkan fyrir rennsli snjóflóða*. Verkfræðistofan Vatnaskil. Ágúst 1995, Reykjavík.

20. Tómas Jóhannesson, Karstein Lied, Stefan Margreth og Frode Sandersen. 1996. *Þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi. Yfirlit og mat á kostnaði*. Rit Veðurstofu Íslands, VÍ-R96003-ÚR02.
21. 2000. *Reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats*.
22. Þórður Arason, Hörður Þór Sigurðsson og Trausti Jónsson. 2007. *Hættumat fyrir Tálknafjörð*. Veðurstofa Íslands. 07029. Desember 2007, Reykjavík.
23. 2007. *Reglugerð 495/2007 um breytingu á reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats*.